

## 2001 nr. 38 26. maí

### Lög um vexti og verðtryggingu

Tóku gildi 1. júlí 2001. EES-samningurinn: tilskipun 2000/35/EB. Breytt með 1. 51/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008), 1. 159/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009), 1. 23/2009 (tóku gildi 31. mars 2009) og 1. 98/2009 (tóku gildi 1. okt. 2009 nema 69. og 70. gr. sem taka gildi 1. jan. 2010).

#### I. kafli. Gildissvið.

■ **1. gr.** Lög þessi gilda um vexti af peningakröfum á sviði fjármunaréttar og á öðrum sviðum réttarins, eftir því sem við getur átt, svo og um annað endurgjald sem áskilið er eða tek-ið fyrir lánveitingu eða umlífum skuldar.

□ Lög þessi gilda einnig um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

■ **2. gr.** Ákvæði II. og IV. kafla laga þessara gilda því aðeins að ekki leiði annað af samningum, venju eða lögum. Einig verður vikið frá öðrum ákvæðum laganna að því marki sem þar er kveðið á um. Þó er ávallt heimilt að víkja frá ákvæðum laganna til hagsbóta fyrir skuldara.

#### II. kafli. Almennir vextir.

■ **3. gr.** Almenna vexti skal því aðeins greiða af peningakröfu að það leiði af samningi, venju eða lögum. Vexti skal greiða frá og með stofndegri peningakröfu og fram að gjald-daga.

■ **4. gr.** Þegar greiða ber vexti skv. 3. gr., en hundraðshlut þeirra eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin, skulu vextir vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánum hjá lánastofnum og birtir skv. 10. gr. Í þeim tilvikum sem um verðtryggða kröfu er að ræða skulu vextir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabankinn ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum verðtryggðum útlánum hjá lánastofnum og birtir skv. 10. gr.

#### III. kafli. Dráttarvextir.

■ **5. gr.** Hafi gjalddagi verið fyrir fram ákveðinn er kröfuhafa heimilt að krefja skuldara um dráttarvexti sem reiknast af ógreiddri peningakröfu frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.

□ Dráttarvextir skulu ætíð reiknast sem dagvextir nema á annan veg sé sérstaklega mælt í lögum.

□ Nú er ekki samið um gjalddaga kröfu og er þá heimilt að reikna dráttarvexti frá og með þeim degi þegar liðinn er mánuður frá því að kröfuhafi sannanlega krafði skuldara með réttu um greiðslu. Sé greiðslukrafan sett fram á mánaðardegi sem ekki er til í næsta mánuði skal skuldari greiða dráttarvexti frá og með síðasta degi þess mánaðar.

□ Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. er ætíð heimilt að reikna dráttarvexti frá og með þeim degi er dómsmál er höfðað um kröfu, sbr. þó 9. gr.

■ **6. gr.** Dráttarvextir skulu vera samtala gildandi vaxta algengustu skammtimalána Seðlabanka Íslands til lánastofna (grunnur dráttarvaxta) auk [sjö hundraðshluta álags]<sup>1)</sup> (vanefndaálag), nema um annað sé samið skv. 2. mgr. þessarar greinar. . . .<sup>1)</sup> Seðlabankinn skal birta dráttarvexti samkvæmt þessari málsgrein eigi skemur en viku fyrir gildistökudaga dráttarvaxta sem eru [fyrsta dag hvers mánaðar].<sup>1)</sup> □ Heimilt er að semja um fastan hundraðshluta vanefndaálags ofan á grunn dráttarvaxta skv. 1. mgr., að undanskildum neytendalánum. Einnig er heimilt að semja um fastan hundr-aðshluta dráttarvaxta, að undanskildum neytendalánum.

<sup>1)</sup> L. 159/2008, 1. gr.

■ **7. gr.** Ef atvik sem varða kröfuhafa og skuldara verður ekki um kennt valda því að greiðsla fer ekki fram skal ekki reikna dráttarvexti þann tíma sem greiðsludráttur verður af þessum sökum. Sama á við ef greiðsla fer ekki fram vegna þess að skuldari neytir vanefndaúrræða gagnvart kröfuhafa eða heldur af öðrum lögmætum ástæðum eftir greiðslu eða hluta hennar.

#### IV. kafli. Vextir af skaðabótakröfum.

■ **8. gr.** Kröfur um skaðabætur skulu bera vexti frá og með þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað. Þeir skulu á hverjum tíma vera jafnháir tveimur þriðju hlutum vaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. málsl. 4. gr.

□ Sé fjárhæð skaðabótakröfu miðuð við verðlag síðar en hið bótaskylda atvik varð ber krafan þó vexti skv. 1. mgr. frá þeim tíma.

■ **9. gr.** Skaðabótakröfur skulu bera dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. að liðnum mánuði frá þeim degi er kröfuhafi sannanlega lagði fram þær upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta. Dómstólar geta þó, ef sérstaklega stendur á, ákveðið annan upphafstíma dráttarvaxta.

#### V. kafli. Ýmis ákvæði um vexti.

■ **10. gr.** Lánastofnumur ber að tilkynna Seðlabanka Íslands um öll vaxtakjör og breytingar á þeim í því formi og með þeim fyrirvara sem Seðlabankinn krefst.

□ Seðlabankinn skal fyrir lok hvers mánaðar birta í Lögbirtingablaði vexti af óverðtryggðum og verðtryggðum útlánum skv. 4. gr. og vexti af skaðabótakröfum skv. 8. gr. og skal hver tilkynning lögð til grundvallar í samræmi við lög þessi næsta mánuðinn eða uns næsta tilkynning birtist. Jafnfraamt skal Seðlabankinn birta í Lögbirtingablaði dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr., þ.e. grunn dráttarvaxta og vanefndaálag. Seðlabankinn skal um hver áramót birta í B-deild Stjórnartíðinda töflu er sýnir vexti samkvæmt þessari málsgrein á hverjum tíma á næstliðnu ári.

□ Auk vaxta skv. 2. mgr. getur Seðlabankinn birt í Lögbirtingablaði aðra vexti lánastofnana.

■ **11. gr.** Sé mál höfðað til heimtu peningakröfu og krafist vaxta með tilvísun til 4. eða 8. gr. eða dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. má dæma slíka vexti, enda þótt hundraðshluti þeirra sé ekki tilgreindur í stefnu. Sé mál höfðað til heimtu peningakröfu og dráttarvaxta krafist skv. 2. mgr. 6. gr. skal þó tiltaka hundraðshluta vanefndaálags í stefnu eða hundr-aðshluta dráttarvaxta sé samið um fasta dráttarvexti.

■ **12. gr.** Sé vaxtatímabil lengra en tólf mánuðir án þess að vextirnir séu greiddir skulu þeir lagðir við höfuðstól og nýir vextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð. Ekki skal bæta vöxtum við höfuðstól oftar en á tólf mánaða fresti, nema um sé að ræða innlásreikninga lánastofnana.

□ Við útreikning vaxta skulu taldir 30 dagar í hverjum mánuði og 360 dagar í ári, nema um annað sé samið eða venja standi til annars.

#### VI. kafli. Verðtrygging sparifjár og lánsfjár.

■ **13. gr.** Ákvæði þessa kafla gilda um skuldbindingar sem varða sparifé og lánsfé í íslenskum krónum þar sem skuldari lofar að greiða peninga og þar sem umsamið eða áskilið er að greiðslurnar skuli verðtryggðar. Með verðtryggingu er í þessum kafla átt við breytingu í hlutfalli við innlenda verð-vísitölu. Um heimildir til verðtryggingar fer skv. 14. gr. nema lög kveði á um annað.

□ Afleiðusammingar falla ekki undir ákvæði þessa kafla.

■ **14. gr.** Heimilt er að verðtryggja sparifé og lánsfí skv. 13. gr. sé grundvöllur verðtryggingarinnar vísitala neysluverðs sem Hagstofa Íslands reiknar samkvæmt lögum sem um vísítöluna gilda og birtir mánaðarlega í Lögbirtingablaði. [Vísitala sem reiknuð er og birt í tilteknum mánuði gildir um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár frá fyrsta degi þar næsta mánaðar.]<sup>1)</sup>

□ Í lánssamningi er þó heimilt að miða við hlutabréfavistölu, innlenda eða erlenda, eða safn slíksra vísitalna sem ekki mæla breytingar á almennu verðlagi.

<sup>1)</sup> L. 51/2007, 1. gr.

■ **15. gr.** Seðlabankinn getur að fengnu samþykki [efnahags- og viðskiptaráðherra]<sup>1)</sup> ákveðið lágmarkstíma verðtryggðra innstæðna og lána. Bankinn getur jafnframt að fengnu samþykki ráðherra ákveðið að vextir verðtryggðra innstæðna og lána skuli vera óbreytanlegir á lánstímanum.

□ Seðlabankinn setur nánari reglur<sup>2)</sup> um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

<sup>1)</sup> L. 98/2009, 32. gr. <sup>2)</sup> Rgl. 492/2001.

■ **16. gr.** Þegar skuldbindingum með ákvæðum um verðtryggingu er þinglýst skal þess gætt að verðtryggingarinnar sé getið í þinglýsingabókum og skulu þær koma fram á vottorðum þinglýsingarstjóra um efni þinglýsingabóka.

## VII. kafli. Viðurlög og mólsmeðferð.

■ **17. gr.** Brot á VI. kafla laga þessara varða sektum nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt öðrum lögum.

■ **18. gr.** Ef samningur um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar eða dráttarvexti telst ógildur og hafi endurgjald verið greitt ber kröfuhafa að endurgreiða skuldara þá fjárhæð sem hann hefur þannig ranglega af honum haft. Við ákvörðun endurgreiðslu skal miða við vexti skv. 4. gr., eftir því sem við getur átt.

## VIII. kafli. Gildistaka.

■ **19. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2001. . .

### Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabónkum og sparisjóðum, meðalútlánsvexti viðskiptabanka og sparisjóða eða meðalútlánsvexti sem Seðlabanki Íslands birtir, eða vísað er með öðrum almennum hætti til vaxta á markaði, og skulu þá vextir af þessum peningakröfum, eftir gildistöku laganna, vera jafnháir vöxtum skv. 1. mósl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. mósl. 4. gr. að viðbættum 2,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.

□ Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við hæstu lögleytíðu vexti á hverjum tíma, hæstu vexti á markaðnum eða vísað er með öðrum almennum hætti til hæstu vaxta á markaði og skulu þá vextir af þessum peningakröfum eftir gildistöku laganna vera jafnháir vöxtum skv. 1. mósl. 4. gr. að viðbættum 4,5% þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. mósl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.

■ **II.** Nú segir í peningakröfu í íslenskum krónum, þar með talinni skaðabótakröfu, niðurstöðu dómsmáls eða öðrum gerningi, gerðri fyrir gildistöku laga þessara, að við vaniskil reiknist hæstu lögleytíðu dráttarvextir eins og þeir eru á hverjum tíma, dráttarvextir samkvæmt ákvörðun Seðlabanka

Íslands eða dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum, eða vísað er með öðrum hætti til dráttarvaxta sem Seðlabankinn ákvað skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, og skulu þá dráttarvextir eftir gildistöku laganna reiknaðir skv. 1. mgr. 6. gr. laga þessara.

■ **III.** Nú segir í lánssamningi í erlendum gjaldmiðli, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að við vanskil reiknist hæstu lögleytíðu dráttarvextir eins og þeir eru á hverjum tíma, dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum, eða vísað er með öðrum hætti til dráttarvaxta sem Seðlabankinn ákvað skv. 11. gr. laga nr. 25/1987, og skulu þá dráttarvextir þessir vera ákvárdar með sama hætti næstu fimm árin eftir gildistöku laga þessara, en að þeim tíma loknum skulu þeir vera jafnháir þeim dráttarvextum í hlutaðeigandi gjaldmiðli sem síðast voru auglýstir af Seðlabankanum í Lögbirtingablaði fimm árum eftir gildistöku laganna.

■ **IV.** Nú segir í lánssamningi, innlánsskilríki eða öðrum gerningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að fjárhæðir breytist með reikningsgengi SDR eða EUR (SDR - eða EUR-gengisvíslitu) sem Seðlabanki Íslands reiknar út og birtir og skal þá í hverjum mánuði miðað við opinbert viðmiðunargengi EUR eða SDR (kaupgengi) skv. 15. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, á 21. degi undanfarandi mánaðar. Nú er gengi ekki skráð á 21. degi mánaðar og skal þá lagt til grundvallar það kaupgengi er skráð var næst á undan þeim degi. Óheimilt er að taka við innlánum á reikninga sem stofnaðir hafa verið með fyrrgreindum kjörum fyrir gildistöku laga þessara.

■ **V.** Vísitala neysluverðs, sbr. 14. gr. laga þessara, með grunninn 100 í maí 1988, skal í hverjum mánuði margfölduð með stuðlinum 19,745. Útkoman, án aukastafa, skal gilda sem vísitala fyrir næsta mánuð á eftir, í fyrsta sinn fyrir apríl 1995 gagnvart fjárskuldbindingum sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995 og eru með ákvæðum um lánskaravistölu þá sem Seðlabankinn reiknaði og birti mánaðarlega samkvæmt heimild í 39. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., sbr. reglugerð nr. 18/1989. Hagstofa Íslands skal birta mánaðarlega í Lögbirtingablaði vísítolu skv. 2. mósl. þessarar mólgreinar.

□ Verði gerð breyting á grunni vísítolu neysluverðs skal Hagstofan birta í Lögbirtingablaði margfeldisstuðul fyrir þannig breytta vísítolu í stað stuðulsins sem getið er í 1. mgr.

□ Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda einnig um lánskaravistölu í lögum og hvers kyns stjórnvaldsfyrimálum öðrum og samningum sem í gildi eru 1. apríl 1995.

■ **VI.** Eigi skemur en viku fyrir gildistökudag laga þessara skal Seðlabankinn birta dráttarvexti skv. 6. gr.

■ **[VII.]** Vísitala sem reiknuð er og birt í janúarmánuði 2008 og grundvallast á verðupplýsingum miðað við verðlag í um það bil vikutíma um miðjan janúar skal gilda um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár í febrúar 2008.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 51/2007, 2. gr.

■ **[VIII.]** Vísitala sem reiknuð er og birt í janúarmánuði 2008 og grundvallast á verðupplýsingum miðað við verðlag í um það bil vikutíma um miðjan janúar skal gilda um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár í mars 2008.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 51/2007, 2. gr.

■ **[IX.]** Prátt fyrir ákvæði 6. gr. laganna skulu dráttarvextir sem leggjast á skattkröfur nema fimmtán hundraðshlutum á ársgrundvelli, þó aldrei hæri en almennir dráttarvextir, frá og með 1. apríl til og með 31. desember 2009.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 23/2009, 6. gr.